

Stjórnarfundur 15.10.2024 kl.19:00

Mætt voru Sunna, Sólrún, Dagný, Kjartan og Margrét.

Dagskrá:

1. Gjaldkeri fer yfir stöðu deildarinnar. Árið hefur verið frekar dýrt og þarf að skoða með að reyna að leita að hagstæðari flugfargjöldum, hótelum og fleira fyrir erlenda dómara.
2. Veiðipróf og dómara. Samþykkt að senda erindi til stjórnar HRFÍ þess efnis að afnema það að fulltrúi á veiðiprófum þurfi að vera dómari.
3. Fulltrúaráðsfundur. Rætt um að deildin haldi sinn eigin kynningadag eða álíka sem kemur í stað fyrir stórhundadaga í Garðheimum.
4. Fræðsluerindi um heilsufar retriever tegunda. Hugmynd um að fá dýralækni til að segja frá DNA sjúkdómum í tegundunum eða augnsjúkdóma eða annað sem tengist heilsufari. Reyna að halda fleiri en einn fræðslufund amk einn í janúar.
5. Farið yfir umsóknir um dómaraþám sem bærust til stjórnar. Samþykkt af stjórn að senda umsóknirnar til dómaraááðs.
6. Önnur mál
 - Ráðgert að halda ársfund deildarinnar 20.2.2025
 - Ákveðið að bjóða meðlimum nefnda upp á mat á einum fundi.
 - Rætt um að hafa samkomu/árshátíð/þorrablót eða eitthvað til að ná deildarmeðlimum saman.
 - Ákveðið að panta fleiri dummy fyrir næsta ár.
 - Samþykkt að halda áfram að gefa hvolpum rósettur á sýningum.
 - Hvað getur stjórn gert til að auka hlut kvenna í veiðisportinu. Stefnt á að hafa hitting fyrir konur til að kynna sportið.
 - Kjartan ætlar að endurvekja göngunefnd.

Fundi slitið kl. 20:42